

## **1. FUNDUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR ÁRSINS 2019**

### **--- Fundargerð ---**

**Mættir:** SD, ÁK, GME, GG og GJ.

Þá mætti Björn Hembre, forstjóri Arnarlax, einnig til fundar.

(RPM boðaði forföll, kom Guðni Guðbergsson í hennar stað. Þá hefur Hafró ekki enn skipað í sæti Jónbjörns Pálssonar, en hann lét af störfum vegna aldurs sl. vor).

SD setti fund kl. 13<sup>30</sup> í húsakynnum Matvælastofnunar að Dalshrauni 1B. Fjögur formleg erindi voru á dagskrá. Sigurjón Njarðarson, fulltrúi yfirdýralæknis sat fundinn og ritaði fundargerð.

- 1) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjafóðra) eldisfisk með SLICE lúsalyfi á kvíabóli við Tjaldanes í Arnarfirði. Umsækjandi Lífsgleði, Aquatic vet. services.
- 2) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjabaða) eldisfisk á kvíabólinu við Steinanes í Arnarfirði með Salmosan Vet lúsalyfi. Umsækjandi Lífsgleði, Aquatic vet. services.
- 3) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjabaða) eldisfisk á kvíabólinu við Hringisdal í Arnarfirði með Alpha Max lúsalyfi. Umsækjandi Lífsgleði, Aquatic vet. services.
- 4) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjafóðra) eldisfisk með SLICE lúsalyfi í seiðastöð Arctic Smolt í Tálknafirði. Umsækjandi Lífsgleði, Aquatic vet. services.

1. Björn Hembre, forstjóri Arnarlax, gerði grein fyrir umsóknum um lyfjameðhöndlun í kvíabólum á vegum fyrirtækisins. Tók hann fyrir hverja umsókn fyrir sig þar sem farið var yfir tölulegar staðreyndir mála og ástæður umsókna. Nánar um umsóknir má lesa í hverju neðangreindu erindi fyrir sig.

Að erindi sínu loknu tók Björn við spurningum nefndarmanna og voru almennar umræður að þeim loknum. Björn yfirgaf fundinn áður en nefndin fjallaði efnislega um hverja umsókn.

**2. Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjafóðra) eldisfisk með SLICE lúsalyfi á kvíabóli Arnarlax hf, á Tjaldanesi í Arnarfirði.**

Með umsókn fylgdu niðurstöður lúsatalninga á Tjaldanesi. Að mati umsækjanda var talið hægt að leiða líkum að því að ljóst væri m.t.t. hitastigsferla fyrri ára fyrir næstu vikur/mánuði í huga að lúsasmitálag á kvíabólinu muni aukast til muna næstu vikurnar og því væri ástæða að bregðast við því.

Fisksjúkdómanefnd tók umsóknina efnislega fyrir. Að mati nefndarinnar er enginn ástæða til að ætla að velferð eldisfiskanna sé í tvísýnu að svo stöddu. Þá skipta sjónarmið um að ekki skuli gefa dýrum sníkjudýralyf, til að varna myndun sníkjudýralyfjaónæmis, nema nauðsynlegt sé.

Fisksjúkdómanefnd ráðleggur Matvælastofnun að fresta afgreiðslu umsóknarinnar um 4 vikur eða til 16. september 2019. Fisksjúkdómanefnd vill fylgjast náið með framvindu mála í umræddu kvíabóli og kallar eftir að fá niðurstöðu lúsatalninga á viku fresti, fram til endanlegrar afgreiðslu.

Í ljósi þess að aðstæður í umræddu kvíabóli geta breyst hratt, ráðleggur

Fisksjúkdómanefnd Matvælastofnun að flýta afgreiðslu erindisins ef ástæða er til.

### **3. Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjabaða) eldisfisk á kvíabólinu á Steinanesi í Arnarfirði með Salmosan Vet lúsalyfi.**

Það er mat umsækjanda að niðurstöður lúsatalninga á Steinanesi sýni að laxalús fer fjölgandi og með hærri sjávarhita en í meðalári sé einsýnt að smitálag á kvíabólinu muni aukast til muna næstu vikunnar og því sé ástæða að bregðast við.

Einnig telur umsækjandi að lyfjameðhöndlun sé æskileg, ekki eingöngu vegna kvíabólsins á Steinanesi heldur einnig til að hefta aukið smitálag gagnvart kvíabólinu á Tjaldanesi í Arnarfirði þar sem búið er að setja út sjógönguseiði, auk þess sem sett verða út fleiri seiði þar nú á næstu vikum og því mikilvægt að lágmarka smitpressu frá Steinanesi. Sjávarstraumar liggja frá Steinanesi yfir á norðurströnd Arnarfjarðar og því meiri líkur en minni að lúsasmit berist í kvíabólið þar sem ný kynslóð laxaseiða er að hefja sitt eldi í sjókvíum. Umsækjandi vill einnig taka fram að Arnarlaxi hf. sé umhugað um villta laxfiskastofninn í firðinum og því full ástæða til meðhöndlunar gagnvart lúsaáhrifum á villta laxfiska í Arnarfirði.

Fisksjúkdómanefnd tók umsóknina efnislega fyrir. Að mati nefndarinnar er enginn ástæða til að ætla að velferð eldisfiskanna sé í tvísýnu að svo stöddu. Þá skipta sjónarmið um að ekki skuli gefa dýrum sníkjudýralyf, til að varna myndun sníkjudýralyfjaónæmis, nema nauðsynlegt sé.

Fisksjúkdómanefnd ráðleggur Matvælastofnun að fresta afgreiðslu umsóknarinnar um 4 vikur eða til 16. september 2019. Fisksjúkdómanefnd vill fylgjast náið með framvindu mála í umræddu kvíabóli og kallar eftir að fá niðurstöðu lúsatalninga á viku fresti, fram til endanlegrar afgreiðslu.

Í ljósi þess að aðstæður í umræddu kvíabóli geta breyst hratt, ráðleggur

Fisksjúkdómanefnd Matvælastofnun að flýta afgreiðslu erindisins ef ástæða er til.

### **4. Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjabaða) eldisfisk með Alpha Max lúsalyfi á kvíabólinu við Hringisdal í Arnarfirði. Umsækjandi Lífsgleði, Aquatic vet. services.**

Það er mat umsækjanda að lúsasmit sé ekki orðið mjög alvarlegt á þessum tímamarki með tilliti til stærð fiska en með hærri sjávarhita en í meðalári þá sé einsýnt að smitálag á kvíabólinu muni aukast til muna næstu vikunnar, því sé ástæða að bregðast við því. Meginmarkmið slíkrar meðhöndlunar er að halda smitálagi í lágmarki hvort heldur fyrir eldisfisk eða villta laxfiska og tryggja nánast lúsalausn bústofninn í veturinn.

Fisksjúkdómanefnd tók umsóknina efnislega fyrir. Að mati nefndarinnar er enginn ástæða til að ætla að velferð eldisfiskanna sé í tvísýnu að svo stöddu. Þá skipta

sjónarmið um að ekki skuli gefa dýrum sníkjudýralyf, til að varna myndun sníkjudýralyfjaónæmis, nema nauðsynlegt sé.

Fisksjúkdómanefnd ráðleggur Matvælastofnun að fresta afgreiðslu umsóknarinnar um 4 vikur eða til 16. september 2019. Fisksjúkdómanefnd vill fylgjast náið með framvindu mála í umræddu kvíabóli og kallar eftir að fá niðurstöðu lúsatalninga á viku fresti, fram til endanlegrar afgreiðslu.

Í ljósi þess að aðstæður í umræddu kvíabóli geta breyst hratt, ráðleggur Fisksjúkdómanefnd Matvælastofnun að flýta afgreiðslu erindisins ef ástæða er til.

**5. Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla (lyfjafóðra) eldisfisk með SLICE lúsalyfi í seiðastöð Arctic Smolt í Tálknafirði. Umsækjandi Lífsgleði, Aquatic vet. services.**

Það er mat umsækjanda að í ljósi reynslunnar í sjókvíaeldi á Vestfjörðum um mesta lúsasmit/lúsasmitsálag í september/október ár hvert sé réttlætanlegt að sækja um að meðhöndla fyrirbyggjandi gegn lús til að tryggja vörn gegn lús í þeim haustseiðum sem setja á út í Tálknafjörð. Allt miði að því að seiðin haldist sem næst lúsahrein inn í veturinn.

Fisksjúkdómanefnd telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn, m.a. niðurstöður lúsatalninga í því umhverfi sem seiðum verður sleppt í, til að taka umsóknina til efnislegrar umfjöllunar. Nefndin ráðleggur Matvælastofnun að fresta afgreiðslu umsóknar um lyfjameðhöndlun þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.

**6. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15<sup>00</sup>.**

Næsti fundur ekki ákveðinn, en verður boðaður eftir því sem þörf verður á.

Virðingarfyllst;

*Sigurjón Njardarson*